



Sandleikur og sögugerð

Barbara A. Turner og Kristín Unnsteinsdóttir. (2011). *Sandplay and storytelling: The impact of imaginative thinking on children's learning and development*. Cloverdale: Temenos Press. 256 bls.

Sandleikur (e. sandplay therapy) er meðferðar- og greiningartæki í sálgæslu þar sem unnið er með sand og ýmsa smáhluti. Í gegnum leik mótar barnið sandinn, býr til mynd og frásögn um myndina. Meðferðaraðilinn getur síðan notað myndina og söguna með barninu í áframhaldandi meðferð eða þjálfun. Sandleikur er byggður á þeim sálfræðilegu meðferðum sem gjarnan eru kenndar við svissneska sálfræðinginn Carl Jung (1875–1961). Á Íslandi er sandleikur tiltölulega nýtt fyrirbæri og helst tengt við námsverið í Ártúnsskóla þar sem Kristín Unnsteinsdóttir, annar höfundur bókarinnar, starfar.

Bókin *Sandplay and storytelling* er samstarf tveggja kvenna sem hafa sérhæft sig í sandleik sem meðferðarformi. Barbara Turner er sálgreinir og hefur í um 25 ár notað sandleik sem meðferðar- og greiningartækni í sálgæslu barna. Kristín Unnsteinsdóttir er forstöðumaður námsvers Ártúnsskóla í Reykjavík. Kristín er doktor í uppeldis- og kennslufræðum, hefur stundað nám í sálarfræðum og sandleik og á að baki áralangt starf með börnum og unglingum.

UPPBYGGING OG MEGINEFNI BÓKAR

Bókinni er skipt í sex hluta sem hver um sig hefur skýrt afmarkað viðfangsefni. Fyrsti hlutinn er stutt en upplýsandi kynning á höfundum bókarinnar. Þar er greint frá því að rannsóknin sem bókin fjallar um hafi verið framkvæmd af Kristínu Unnsteinsdóttur en hlutverk Barböru Turner í rannsóknarferlinu, bókarskrifunum og eðli samstarfs þeirra ekki sérstaklega útskýrt. Annar hlutinn er kynning á sandleik og hvernig meðferðin gengur fyrir sig. Þriðji hlutinn fjallar um tengsl sandleiks og taugafraeði (e. neurology) og áhrif hans á starfsemi heilans. Í fjórða hluta er fjallað um skapandi sögugerð. Fimmti hluti bókarinnar greinir frá rannsókn á sandleik og sögugerð og

í sjötta hlutanum er skýrt frá fjórum tilvikum (e. cases) eða þátttakendum úr rannsóknarverkefninu. Bókinni lýkur á stuttum lokaorðum.

Eins og sjá má koma höfundar víða við í umfjöllun sinni um sandleik. Hins vegar er umfjöllunin sjaldan á dýptina. Áhugavert er að lesa um sandleikinn sjálfan, uppruna aðferðarinnar og hvernig meðferðaraðilinn reynir að skilja hvernig hugur og hugsun barnsins starfar og breytist í ferlinu. Í bókinni eru skilgreiningar á jungískum hugtökum, sem var virkilega gagnlegt fyrir undirritaða enda tekið að fjara undan þekkingu hennar á kenningum Carls Jung.

Hlutar þrjú og fjögur greina frá þeim kenningalega grunni sem rannsóknarverkefnið byggist á. Hér er um að ræða auðlesinn texta sem flestir ættu að ráða við og ekki nauðsynlegt að lesandinn hafi ítarlega þekkingu á efninu. Fjallað er um starfsemi heilans, sjálfið, taugar og taugafrumur og það hvernig sandleikur, snerting og skyn hafa áhrif hvert á annað. Þar sem um er að ræða flókið viðfangsefni og margar spurningar sem vakna hjá lesandanum hefði hins vegar verið gagnlegt ef höfundar hefðu bent á frekari upplýsingar og lesefni tengt sandleik og taugafræði.

Það er ljóst að a.m.k. annar höfundur býr yfir mikilli þekkingu á skapandi sögugerð. Líklega er það Kristín Unnsteinsdóttir, en hún skrifaði doktorsritgerð sem fjallar um það hvernig sígild ævintýri og ævintýri sem börn semja sjálf hafa áhrif á samverkan meðvitundar og dulvitundar. Það er hins vegar sérstakt að fjórði hluti bókarinnar er skrifaður í fyrstu persónu og ekki tekið fram af hverju og hvor höfundurinn það er sem ritar. Þetta rýrir þó á engan hátt umfjöllunina sem er bæði áhugaverð og skemmtileg. Höfundur lýsir því til dæmis hvernig hugur barnanna starfar í skapandi sögugerð og sandleik, fjallar um sköpunargáfu og ímyndunarafl og þátt leiks í þroska og námi.

RANNSÓKN Á SANDLEIK Í REYKVÍSKUM GRUNNSKÓLA

Stærstum hluta bókarinnar er varið í umfjöllun um rannsókn Kristínar á áhrifum sandleiks og sögugerðar á sjálfsmynd og þroska nemenda á sviði náms, tilfinninga og félagsfærni. Rannsóknin var framkvæmd í námsveri í reykvískum grunnskóla á árunum 2005–2009. Í rannsókninni er leitast við að skoða hvort markviss þátttaka í sandleik og sögugerð hafi áhrif á námsfærni, sjálfsmynd og líðan nemenda með námsferfiðleika, lélega sjálfsmynd og/eða tilfinningaleg vandamál. Nítján börn, sjö stúlkur og tólf drengir, tóku þátt í rannsókninni og voru á þeim tíma í 2.–7. bekk. Fram kemur að börnin voru ekki valin af handahófi og hafi átt það sameiginlegt að vera með einhvers konar námserfiðleika eða tilfinningaleg vandamál. Ekki kemur fram hvernig vali á þátttakendum var háttáð og engar upplýsingar eru um það hver hafi farið fram á að þau fengju aðstoð eða meðferð á vegum námsvers skólans. Í yfirlitstöflu sem lýsir þátttakendum rannsóknarinnar er þeim mörgum ýmist lýst út frá persónueiginleikum, svo sem skapandi, hlédrægum, góðhjörtuðum og jákvæðum eða greiningum og er þá lesblinda, ADHD, þunglyndi, þroskahömlun og það að vera á lyfjum dregið fram sem einkenni barnsins. Það er mat undirritaðrar að þetta sé óheppileg framsetning sem hlutgerir þátttakendur með því að gera ekki greinarmun á einstaklingnum,

persónueinkennum hans, skerðingunni sem hann eða hún býr við eða greiningunni sem barnið hefur fengið hjá sérfræðingum.

Skólasálfræðingurinn lagði fyrir greindarpróf og ýmsa matslista sem taldir eru upp í bókinni og gerð ítarleg grein fyrir en það hefði þurft að gefa nánari lýsingu á hlutverki sálfræðingsins í rannsóknarferlinu. Niðurstöður prófanna eru aðgengilegar í nokkrum mismunandi töflum en umræðan um niðurstöðurnar hefði mátt vera ítarlegri. Í hnotskurn, þá sýndu allir þátttakendur einhverjar framfarir og halda höfundar bókarnar því fram að það sýni fram á gildi sandleiks sem meðferðar- og greiningartækis.

Styrkleiki rannsóknarinnar felst í því að hún var framkvæmd á löngum tíma og gerð í samstarfi við sérfræðinga á sviðum sálarfræði og sandleiks. Hins vegar er ekki hægt að horfa framhjá því að hér er ekki um samanburðarrannsókn að ræða og því erfitt að draga ályktanir um að það hafi verið sandleikurinn sem slíkur sem hafði þessi áhrif á þátttakendur. Ýmsir ytri þættir kunna að hafa haft áhrif og í þeim tilfellum þar sem framfarir höfðu átt sér stað var ekki alltaf um marktækan mun að ræða. Það er virkilegt fagnaðarefni þegar sérfræðingar í kennslu og meðferðum barna leita fjölbreyttra leiða, eins og í þessu tilfelli, til að bæta náms-, tilfinninga- og félagsfærni. En það er nauðsynlegt að á bak við aðferðirnar liggi rökstuðningur sem er byggður á þess háttar rannsóknum að ályktanir megi draga af niðurstöðum um áhrifamátt þeirra. Því er mikilvægt að rannsaka aðferðina frekar til að styrkja stöðu sandleiks og sögugerðar sem greiningar- og meðferðartæki.

Í sjötta hluta bókarinnar er sagt ítarlega frá fjórum þátttakendum rannsóknarinnar og fjallað um sögur þeirra og myndir. Hér breytir umfjöllunin um tón og í stað mælanlegra megindlegra niðurstaðna túlka höfundar sögurnar og setja til dæmis í samhengi við goðafræði, Biblíuna og kenningar Carls Jung. Þessi nálgun líkist frekar eigindlegri rannsóknarhefð. Aðferðafræðinni á bak við þessi tilvik hefðu höfundar þurft að lýsa betur. Eða er hér ekki um rannsóknarniðurstöður að ræða? eru þetta kannski almennar hugleiðingar höfunda? Sögurnar og umfjöllunin um þessi fjögur tilvik eru hins vegar einstaklega fróðlegar og gefa aukna sýn inn í ferlið og aðferðina.

Mikilvægt er að allir rannsækendur, og ekki síst þeir sem beina sjónum sínum að börnum, tryggi velferð þátttakenda, m.a. með því að ganga úr skugga um að gögn og umfjöllun séu ekki persónugreinanleg. Það kemur því vissulega á óvart að í bókinni er ekki umfjöllun um þau siðferðilegu álitamál sem upp komu eða hefðu getað komið í verkefni sem þessu. Eins vakna spurningar um það hversu viðeigandi það er að nemendur hljóti sálræna meðferð í námsverum grunnskólanna. Hvar liggja mörk meðferðar og kennslu? Og hvert er hlutverk kennara í þessu samhengi? Er viðeigandi að kennari barnsins sé í hlutverki meðferðaraðila? Þessum spurningum verður ekki svarað í þessum stutta ritdómi en undirrituð vonast til þess að þeir sérfræðingar, kennarar, listmeðferðafræðingar, músíkþerapistar, þroskaþjálfar, sálfræðingar og sandleiks-sérfræðingar sem starfa í námsverunum og skólum spyrji sig reglulega slíkra spurninga.

Bókin *Sandplay and storytelling* er fyrsta bókin sem fjallar um sandleik í íslensku samhengi. Bókin er læsileg og texti skýr og ætti hún því að vera aðgengileg flestum þeim sem læsir eru á ensku, sérfræðingum jafnt sem leikmönnum.

UM HÖFUNDINN

Kristín Björnsdóttir (kbjorns@hi.is) er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk B.M. í músíkþerapíu frá East Carolina University 1997 og doktorsprófi í fötlunarfræðum frá Háskóla Íslands 2009. Rannsóknir hennar snúast einkum um menntun og samfélagsþátttöku fólks með þroskahömlun. Hún hefur unnið margvísleg störf með fötluðum börnum og ungmennum, meðal annars innan skólakerfisins, þjónustukerfisins og í tómstundastarfi.